

FERÐAMÁLASTEFNA HAFNARFJARÐARBÆJAR
SAMRÁÐ OG SAMVINNA



*Þú hýri Hafnarfjörður
sem horfir móti sól
þó hraun þín séu hrjóstrug
er hvergi betra skjól.
Þinn fagri fjallahringur
með fönn á efstu brún
og hamraborgir háar
á holti gróin tún*

– Guðlaug Pétursdóttir

INNGANGUR

Stefna Hafnarfjarðarbæjar í ferðamálum er fyrst og fremst sú að efla og kynna bæinn og nágrenni hans sem kjörinn og eftirsóttan áfangastað fyrir ferðamenn árið um kring. Ferðaþjónusta er mikilvægur atvinnuvegur á Íslandi og því er nauðsynlegt að Hafnarfjarðarbær marki sér stefnu í þessum málaflokki.

Ferðamálastefnunni er ætlað að lýsa áherslum og markmiðum sveitarfélagsins í þágu ferðaþjónustunnar en einnig er hún yfirlýsing um að samráð og samvinna bæjaryfirvalda og ferðaþjónustufyrirtækja séu lykilkættir til þess að árangur náist.

Hlutverk sveitarfélags í uppbyggingu ferðaþjónustu er að búa fyrirtækjum góð starfsskilyrði og byggja upp ákveðna innviði. Í því skyni má nefna merkingar, upplýsingagjöf og aðstoð við sprotafyrirtæki. Einnig er mikilvægt að sinna verkefnum sveitarfélaga s.s útivistarsvæðum, söfnum, íþróttamannvirkjum, viðburðum, náttúru-, umhverfis- og minjavernd. Þessir þættir gegna allir mikilvægu hlutverki í því að laða að ferðamenn og gesti. Styrkleikar ferðaþjónustu felast þó fyrst og fremst í uppbyggingu ferðaþjónustufyrirtækja og samvinnu þeirra á milli og þar eru ferðamál í Hafnarfirði engin undantekning.

Það er markmið og verkefni bæjaryfirvalda og ferðaþjónustunnar í Hafnarfirði að kynna og hlúa að Hafnarfirði sem spennandi áfangastaðar í alfaraleið. Hafnarfjörður hefur alla burði til þess að fá til sín fleiri ferðamenn og gesti og mun sú aukning skila sér í blómlegri og fjölbreyttari þjónustu og afþreyingu. Hafnarfjarðarbær vill nýta sem best þau tækifæri sem felast í staðsetningu bæjarins og öflugum ferðaþjónustufyrirtækjum með sameiginlega hagsmuni að leiðarljósi.

Lögð er rík áhersla á að viðhalda og efla jákvæða ímynd Hafnarfjarðar sem ferðamannabæjar.

GERÐ FERÐAMÁLASTEFTU

Í upphafi árs 2012 ákvað menningar- og ferðamálanefnd að ráðast í það tímabæra verkefni að marka stefnu í ferðamálum. Haldinn var opinn og auglýstur vinnufundur um gerð ferðamálastefnu þann 28. febrúar í húsi Byggðasafnsins (Bungalói) að Vesturgötu 32 og voru margir sem fögnuðu fyrirhuguðu verkefni og komu með gagnlegar ábendingar. Við vinnu stefnunnar var horft til annarra stefna á vegum bæjarins, s.s. aðalskipulags, fjölskyldustefnu, menningarstefnu og umhverfis- og auðlindastefnu auk þess sem stefnur annarra sveitarfélaga í ferðamálum voru skoðaðar og hafðar til hliðsjónar. Þá var leitað til nýstofnaðra Ferðamálasamtaka Hafnarfjarðar og til ferðaþjónustufyrirtækja og þau beðin um álit, ráðleggingar eða umsagnir eftir atvikum. Stefnan var einnig send til umsagnar hjá nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum bæjarins, til stjórnar Reykjanesfólkvangs, Íþróttabandalags Hafnarfjarðar, forstöðumanna safna og stýrihóps um ferðamálastefnu sem í sátu sjálfbodaliðar og er þeim sérstaklega þakkað fyrir þeirra framlag. Óskað var eftir ábendingum og tillögum á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar og var öllum frjálst að senda inn athugasemdir og/eða hugleiðingar. Að stefnunni unnu aðalmenn menningar- og ferðamálanefndar, þau Þorsteinn Kristinsson, Jóhanna Marín Jónsdóttir og Unnur Lára Bryde, ásamt menningar- og ferðamálafulltrúa Marín Guðrúnu Hrafnisdóttur. Áður en vinnu við stefnuna lauk tók Dagbjört Gunnarsdóttir við af Þorsteini Kristinssyni sem formaður nefndarinnar.

Menningar- og ferðamálanefnd fór yfir umsagnir og ábendingar á haustmánuðum 2012 og þakkar fyrir gagnlegar ábendingar og tillögur. Menningar- og ferðamálafulltrúi vann síðan að samantekt og stýrði úrvinnslu á tillögum, umsögnum og ábendingum.

4

Ákveðið var að yfirskrift stefnunnar væri samráð og samvinna, enda tveir lykilþættir í því markmiði að fjölga ferðamönnum í Hafnarfirði og stuðla að jákvæðri og góðri upplifun þeirra.

Hraun

Jólapörp Útivist

Höfn

Golf

Hestar

Álfar

Víkingar

Verzlun

Söfn

Viðburðir

Gleði

Menninqarminjar

Hafnarfjarðarbrandarar

Hönnun

Sérverslanir


Gönquleiðir

Íþróttir

Fuqlaskoðun

Gönquleiðir

Stórbrotin náttúra



FERÐAMANNABÆRINN HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfjarðarbær hefur mikla möguleika á sviði ferðaþjónustu enda liggur bærinn á milli alþjóðaflugvallar og höfuðborgar landsins. Nokkur stór og öflug ferðaþjónustufyrirtæki eru í bænum og önnur minni en jafnframt afar mikilvæg. Þá er í bænum fallett tjaldstæði á Víðistaðatúni, golfvellir, sundlaugar, skemmtilegar sérverslanir og fjögur söfn sem eru Bókasafn Hafnarfjarðar, Byggðasafn Hafnarfjarðar, Hafnarborg, lista- og menningarmiðstöð Hafnarfjarðar, og Kvikmyndasafn Íslands.

Styrkleikar Hafnarfjarðar eru margir þegar horft er til fallegrar náttúru, afþreyingarmöguleika, menningartengdrar ferðaþjónustu og smábátahafnar. Stutt er í náttúrulegt umhverfi og einstakar náttúruperlur og þrátt fyrir nálægð við Reykjavík er bæjarbragurinn annar og rólegri. Gamla byggðin í hrauninu, þar sem byggðamynstrið einkennist af samspili hrauns og húsa, er einstök og eins samfelld byggð bárujárnsklæddra timburhúsa.

Hafnarfjarðarhöfn er mikilvæg í ferðaþjónustu. Þangað sækja gestir sem vilja njóta þess að skoða smábátahöfnina og sjóinn og miklir möguleikar eru tengdir afþreyingu á sjó, s.s. hvalaskoðun og sjóstangaveiði. Einnig vinnur Hafnarfjarðarhöfn að því að fjölga komum skemmtiferðaskipa til Hafnarfjarðar.

Í Hafnarfirði eru öflugir viðburðir á borð við Jólaborpið, Bjarta daga, Sjómannadaginn og Víkingahátíð og eru tækifæri fólgin í eflingu þeirra. Þá er Hafnarfjarðarbær aðili að Hansasamtökunum og býður Hansahátíð í Hafnarfirði uppá mikla möguleika. Ratleikur Hafnarfjarðar hefur aukið áhuga fólks á upplandinu og fjölbreyttu landslagi kringum Hafnarfjörð.

Náttúran í landi Hafnarfjarðar er einstök og má sem dæmi nefna að Helgafell er það fjall sem laðar til sín hvað flesta göngugarpa á ári hverju. Þá er hraunið, eitt aðaleinkenni bæjarins, alltumlykjandi og strandlengjan skartar fallegum göngustígum. Hellsigerði, hinn sögufrægi skrúðgarður Hafnarfjarðar, er mikil perla og varðveita ber menningu hans, sögu og sérstöðu.

Töluverð uppbygging hefur orðið á gististöðum í Hafnarfirði síðustu ár og eru tvö hótél í bænum sem styrkja verulega alla ferðapjónustu í bænum. Fallett tjaldstæði er á Víðistaðatúni, sem bærinn á en sem rekið er af skátafélaginu Hraunbúum. Lögð er áhersla á einstakt og friðsælt tjaldstæði og eflingu þess.

Ferðamannabærinn Hafnarfjörður á sér nokkra sögu en Hafnarfjarðarbær var með fyrstu sveitarfélögunum til þess að ráða ferðamálafulltrúa árið 1995. Á árdögum ferðamálanefndar, sem sett var á laggirnar árið 1994, var ráðist í að kortleggja álfaslóðir í bænum og álfakort útbúið í samstarfi við Erlu Stefánsdóttur sjáanda. Þá var gefin út bók með Hafnarfjarðarbröndurum, haldnar víkingahátíðir og gefnir út ferðamannabæklingar á fjölda tungumála. Ferðamál í Hafnarfirði byggja enn að stórum hluta á þessu brautryðjendastarfi.

VÖRUMERKIÐ HAFNARFJÖRÐUR

Nauðsynlegt er að átta sig á því fyrir hvað Hafnarfjörður stendur í hugum íbúa og gesta. Til er viðhorfskönnun meðal erlendra ferðamanna frá árinu 1998 en því miður hafa ekki verið gerðar nýrri viðhorfskannanir um ástæður komu til Hafnarfjarðar. Í könnuninni frá 1998 nefndi þriðjungur höfnina og söfn, fimmtungur álfa og hulda vætti, 13-14% nefndu hraun og nálægð við Reykjavík og 8-10% fisk, sjó, fjörð, víkinga og fallegan bæ og/eða landslag. Af einstökum afþreyingarmöguleikum nefndu flestir álfa eða huldufólk, hestaferðir og söfn bæjarins sem ástæðu fyrir komu í Hafnarfjörð.

Á síðustu árum hefur verið unnið með hraunið, höfnina, söfnin, álfana og víkingana og fallega náttúru, og þá aðallega Seltún í Krýsuvík, í markaðssetningu fyrir erlenda ferðamenn. Mikil tækifæri felast í öflugri markaðssetningu þessara þátta en einnig íþróttatengdri starfsemi, skemmtilegum sérsverslunum og fjölbreyttum viðburðum eins og komið verður að síðar.

Heimasíðan www.visithafnarfjordur.is gegnir lykilhlutverki í upplýsingagjöf en að auki hefur verið gefinn út bæklingur á ensku með upplýsingum um hafnfirski

ferðapjónustu undir heitinu Hafnarfjörður, the Town in the Lava og auglýst í ferðamannaritum og bæklingum. Lögð hefur verið áhersla á nálægðina við Reykjavík með vörumerkinu Capital area. Þá er Hafnarfjarðarbær aðili að samningi frá árinu 2005 um markaðssamstarf í ferðamálum á höfuðborgarsvæðinu og á fulltrúa í stjórn Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins sem er samstarfsvettvangur opinberra aðila og einkafyrirtækja.

ÍPRÓTTIR OG ÚTIVIST

Hafnarfjarðarbær er mikill íþróttabær og eru margvíslegir möguleikar tengdir glæsilegum íþróttamannvirkjum bæjarins. Samkvæmt skráningum er um helmingur bæjarbúa skráður í íþróttafélag og í Hafnarfirði búa margir afreksmenn í íþróttum. Huga þarf sérstaklega að því að laða til bæjarins íþróttamót ýmiss konar og er í því skyni vísað til skýrslu sem ÍBH gerði árið 2010 þar sem bent er á leiðir sem íþróttafélögin í Hafnarfirði og ferðapjónustan geta í sameiningu fetað til að auka þátt bæjarins í mótahaldi hvers konar. Einnig er bent á margar leiðir til eflingar hafnfirskri ferðapjónustu í úttekt sem Steinunn Guðnadóttir lauk við í mars 2012 undir heitinu Heilsuþæring Hafnarfjörður.

Skipuleggja þarf árið með æfingabúðir og mótahald í huga í samráði við ferðapjónustuna í bænum. Kynna þarf fyrir ferðamönnum og öðrum gestum það blómlega íþróttastarf sem er í bænum og gera þeim kleift að taka þátt í því. Gera þarf markaðsáætlun um íþróttamannvirki og sundlaugar með ferðamenn og aðra gesti í huga. Vannýtt tækifæri eru fólgin í einstakri staðsetningu golfvallar í hrauni og íþróttatengdu mótahaldi í Hafnarfirði.

Bærinn í hrauninu hefur mikið að bjóða þegar kemur að upplifun náttúrunnar. Má þar nefna fjölbreyttar hraunmyndanir, fjöll, hella, gíga, einstakt hverasvæði í Krýsuvík, veiðivötn og ferskvatnstjarnir við Straumsvík með einstöku dýralífi. Hafnarfjörður er því kjörinn til útivistar og lögð er áhersla á að efla samstarf fyrirtækja sem bjóða upp á afþreyingu og náttúruupplifun.

Aðgengi að ferðamannasvæðum þarf að bæta og huga að því að viðkvæm svæði raskist ekki. Mikil tækifæri felast í nýjum Suðurstrandarvegi og brýnt er að kortleggja hvaða leiðir eru færar varðandi uppbyggingu ferðamannasvæðisins í Seltúni og á Krýsuvíkursvæðinu öllu. Háhitasvæðið í Seltúni er einstakt og þangað sækja þúsundir ferðamanna. Tryggja þarf öryggi og ánægjulega upplifun gesta og að þjónusta sé til sóma.

Áhersla er lögð á gönguleiðir og náttúruna umhverfis Hafnarfjörð enda viðast hvar mjög stutt í náttúrulegt umhverfi. Þá eru afar fallegar gönguleiðir í bænum s.s. eftir strandstígunum.

Hafnirfiska vatnið úr Kaldá gefur mikla möguleika í uppbyggingu heilsuvara- og matvælaframleiðslu og þá um leið í ferðaþjónustu.

Fyrir þá sem kjósa að upplifa náttúruna og umhverfið á hestum er öflugt hestatengt fyrirtæki í Hafnirfirði sem laðar til sín fjölda gesta á hverju ári.

MENNING OG SAGA

Allir sækja í fjölbreytt menningarlíf og óvenjulega upplifun. Í Hafnirfirði eru öflugar menningarstofnanir og frír aðgangur að söfnum. Mikilvægi menningarviðburða í ferðaþjónustu er óumdeilanlegt og verðmæti í öllum hátíðum, stórum sem smáum.

Fróðlegar sýningar eru í Byggðasafni Hafnirfjarðar og mikil verðmæti felast í sögu tengdri sjósókn, lífi fólks í hrauni og þjóðtrú. Styrkja þarf Byggðasafnið og gera kleift að standa að viðburðum, fyrirlestrum og sögugöngum svo eitthvað sé nefnt.

Hafnirborg, menningar- og listamiðstöð Hafnirfjarðar, er meðal fremstu lista- safna landsins með fjölbreytta starfsemi, s.s. listsýningar, tónleika, námskeið og fyrirlestra. Þá eru mikil verðmæti fólgin í útilistaverkæign bæjarins.

Bókasafn Hafnirfjarðar er elstameningarstofnun bæjarins. Þar er internetaðgangur og góður safnkostur. Í Bókasafni Hafnirfjarðar er veittur aðgangur að nýjustu upplýsinga- og tölvutækni og þar er stærsta almenningstónlistarsafn á landinu.

Kvikmyndasafn Íslands er í Hafnarfirði og öflug leiklistarstarfsemi Leikfélags Hafnarfjarðar (áhugaleikhúss) og Gaflaraleikhússins. Þá er fjöldi myndlistargallería og hönnunarverslana í bænum sem bjóða upp á tækifæri í ferðapjónustu.

Tækifæri eru fólgin í sögu- og menningartengdum gönguleiðum í bænum og brýnt að merkja skemmtilegar og fróðlegar leiðir. Fjölarga merka staði þarf að merkja sérstaklega. (Einarsreit, minnisvarða um fyrstu Lúthersku kirkjuna, vörðuna um Hrafna-Flóka svo örfá dæmi séu nefnd) og gönguleiðir gætu tengst því hvernig hraunið hefur mótað byggð og hvernig það var notað í hleðslur, garða, fiskreit og fleira.

Þá var fyrsta almenningsrafveitan á landinu í Hafnarfirði, Hamarskotslækur var virkjaður árið 1904 og hefur stokkurinn við Hörðuvallastöðina verið endurbyggður til þess að minnst þeirrar merku sögu.

Framtíðarsýnin er sú að í Hafnarfirði verði öflugir viðburðir árið um kring og fjölbreytt menningarframboð í söfnum. Nauðsynlegt er að kynna betur merka hafnirska sögu og áhugaverða sögustaði. Þá er lykilatriði að menningarstofnanir og ferðapjónustan vinni saman að því að kynna sérstöðu Hafnarfjarðar til eflingar ferðapjónustunni.

UPPLIFUN OG GLEÐI

Hafnarfjarðarbær hefur löngum verið kallaður álfa- og víkingabær enda búið að kortleggja byggðir álfa í bænum og Fjörukráin er byggð í víkingastíl auk þess sem þar eru haldnar víkingaveislur og víkingahátíð. Þá er Hótel Víking í Hafnarfirði. Að auki er bærinn þekktur sem brandarabær Íslands þar sem Hafnarfjarðarbrandararnir eru annars vegar.

Öflug ferðapjónustufyrirtæki halda uppi merkjum bæjarins sem álfa- og víkingabæjar og greinilegt er að gestir kunna vel að meta þá þætti. Á síðustu árum hefur ekki verið unnið með Hafnarfjarðarbrandarana og má huga að möguleikum sem í þeim gætu leynst. Þá hefur verið bent á mikilvægi átaksins Vinur Hafnarfjarðar sem heppnaðist vel á níunda áratugnum.

Verslun er snar þáttur ferðapjónustu og því er lögð áhersla á að kaupmenn vinni saman að því verkefni að blása lífi í miðbæinn í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ. Hafnarfjörður getur skapað sér sérstöðu með skemmtilegum verslunum og vinalagri lítilli verslunarmiðstöð. Þá hefur miðbærinn mikla möguleika með Thorsplan, Hafnarborg og Fjörukrána innan seilingar ásamt torginu framan við Byggðasafnið og skemmtilegu torgi aftan við safnið þar sem Beggubúð stendur. Góðar gönguleiðir eru meðfram sjónum, t.d. eftir Norðurbakkanum út á Malir að bílastæðinu við Skarfasker. Á vorin má sjá fjölda fugla á þessari leið, s.s. skarfa, æðarfugla, endur og smáfugla.

Viðburðir á borð við Bjarta daga, Sjómannadaginn, Víkingahátíð og Jólaborpið fela í sér mikil tækifæri fyrir ferðapjónustufyrirtækin í Hafnarfirði. Stefnt er að því að efla þessa viðburði auk þess sem hugað verði að nýjum viðburðum og áfram stutt við viðburði á vegum einkaaðila og fyrirtækja. Þá er brýnt að endurverkja viðburði eins og Hansahátíð og fróðleiksmola og sögugöngur Byggðasafnsins.

FRAMTÍÐARSÝN

Framtíðarsýn Hafnarfjarðar í ferðamálum er að bærinn verði þekktur fyrir notalegt andrúmsloft, blómlega afþreyingu tengda sjó, álfum og víkingum, góða hafnaraðstöðu, frábæra útivistarmöguleika, hraunið og gömlu bæjarmyndina, og ennfremur sem bær fjölbreyttrar menningar og lista, öflugra safna og viðburða. Stefnt er að því að erlendum ferðamönnum sem koma til Hafnarfjarðar fjölgi verulega á næstu árum.

Hafnarfjarðarbær mun áfram leggja áherslu á hraun, fallega höfn, Krýsuvík með áherslu á Seltún, álfa og víkinga en jafnframt huga að því að markaðssetja betur menningu bæjarins, íþróttasvæðin og göngu- og hjólaleiðir. Lögð er áhersla á nálægð við Reykjavík undir markaðsheitinu Capital area.

Samvinna á sviði markaðs- og kynningarmála í ferðapjónustu er afar mikilvæg, jafnt innan höfuðborgarsvæðisins sem utan. Tækifæri felast í nálægð við Reykjavík, Reykjanesið og alþjóðlegan flugvöll. Mikilvægt er að sveitarfélögin vinni saman að markaðssetningu og þróun ferðamannastaða. Unnið verður áfram að markaðssamstarfi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt samningi frá árinu 2005 og það starf gert sýnilegra og markvissara. Horft verður bæði til höfuðborgarsvæðis sem heildar og sveitarfélaganna á Reykjanesi með samvinnu í huga.

Auka þarf samstarf ferðaþjónustuaðila í bænum og í því sambandi er lögð áhersla á að vinna með Ferðamálasamtökum Hafnarfjarðar og fyrirtækjum í ferðaþjónustu að allri markaðssetningu og uppbyggingu ferðamannastaða. Stefnt er að því að halda Dag ferðaþjónustunnar árlega.

Vaxandi kröfur eru um gæði í ferðaþjónustu og ber að hafa það í huga við alla uppbyggingu ferðamannastaða og í þjónustu. Jafnframt er mikilvægt að huga að umhverfismálum og er í því tilliti horft til umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðar.

Mikilvægt er að nýta tengslanet bæjarins betur og þá sérstaklega vinabæjarsamtarf og Hansasamtökin. Tækifæri felast í þessum tengslum, t.d. með því að kynna Hafnarfjörð á Alþjóðlegum Hansadögum árlega og með þátttöku í kaupstefnum með ferðaþjónustufyrirtækjum bæjarins. Þá eru vannýtt tækifæri fyrir ferðaþjónustuna í vinabæjartengslum við Norðurlönd og Þýskaland.

Afar brýnt er að upplýsingar um Hafnarfjörð séu aðgengilegar erlendum ferðamönnum sem hyggjast koma til Íslands og gegnir heimasíðan www.visithafnarfjordur.is þar lykilhlutverki. Jafnframt er mikilvægt að upplýsingar séu aðgengilegar fyrir Íslendinga um allt sem Hafnarfjörður hefur upp á að bjóða. Þá er mikilvægt að nýta betur möguleika sem skapast hafa með nýrri upplýsingatækni, s.s. símaleiðsögn.

Ávallt sé hugað að sjálfbærri þróun og verndun viðkvæmra svæða og við gerð aðalskipulags og deiliskipulaga hjá Hafnarfjarðarbæ sé tekið mið af þörfum ferðaþjónustunnar og uppbyggingar ferðamannastaða með vernd og umönnun í huga.

FJÖLDI FERÐAMANNA Í HAFNARFIRÐI

Sumarið 2011 gekkst menningar- og ferðamálanefnd fyrir því að gerð var könnun á fjölda ferðamanna til Hafnarfjarðar það sumar. Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf. framkvæmdu þessa könnun á meðal brottfararfarþega á Keflavíkurflugvelli og með Norrænu. Helstu niðurstöður voru:

- Um 16% erlendra ferðamanna sem komu til Íslands sumarið 2011 (júní til ágúst) höfðu einhverja viðdvöl í Hafnarfirði. Þar af gistu tæplega 5%, í að jafnaði 3,1 nótt, en rúmlega 11% komu í dagsferð. Hlutfall komugesta var 17% sumarið 2008 og 19% sumarið 2005.
- Má því áætla að 46 þúsund erlendir ferðamenn hafi haft viðkomu í Hafnarfirði sumarið 2011, um 15% fleiri en sumarið 2008, og að þar af hafi 13-14 þúsund gist í nálægt 40 þúsund nætur.
- Miðað við það voru gistinætur erlendra ferðamanna í Hafnarfirði um 1,5% af öllum gistinóttum erlendra ferðamanna hér á landi síðastliðið sumar, en Hafnfirðingar eru nú 8% af landsmönnum. Erlendum gistinóttum í Hafnarfirði þarf því að fjölga fimmfalt til að Hafnfirðingar fái sinn skerf af erlendu gistináttakökunni, sé miðað við íbúafjölda.
- Norðurlandabúar eru, eins og áður, með hlutfallslega flestar gistinætur í Hafnarfirði enda gista þeir fremur hjá vinum en fólk frá öðrum markaðssvæðum og dvelja að jafnaði lengur. Þá er vísbending um fjölgun gistinátta meðal ferðamanna frá Mið-Evrópu (Þýskaland, Austurríki og Sviss) og meðal gesta utan helstu markaðssvæða.
- 29% þeirra sem komu í Hafnarfjörð sumarið 2011 fóru í verðslanir og svipað margir fóru á veitingastað eða kaffihús (28%). Þá fóru miklu fleiri í sund í Hafnarfirði nú (18%) en sumrin 2008 og 2005, talsvert fleiri í vikingaveislur og heldur fleiri á söfn/sýningar og í hestaferðir. Því virðast ferðamenn í Hafnarfirði sumarið 2011 hafa verið talsvert virkari en sumargestir 2008 og 2005.

VERKEFNIN FRAMUNDAN OG FRAMKVÆMD ÞEIRRA

Í stefnunni er bent á mörg nauðsynleg og verðug verkefni en ákveðið var að telja sérstaklega upp þau verkefni sem talin voru brýnust. Þessi listi er því á engan hátt tæmandi upptalning á þeim verkefnum sem Hafnarfjarðarbær vill ráðast í til að styrkja ferðamál í bænum.

UPPLÝSINGAGJÖF OG BÆTT ÞJÓNUSTA:

- Heimasíðan www.visithafnarfjordur.is verði virk og öflug. Upplýsingar á síðunni verði bættar og hugað að virkri samvinnu við ferðaþjónustufyrirtækin um umbætur og sýnileika síðunnar.
- Upplýsingamiðstöð ferðamanna gerð sýnilegri og eflld. Skoða þarf sérstaklega hvernig og hvar upplýsingagjöf til ferðamanna verði best fyrirkomid.
- Gerð verði könnun á fjölda erlendra ferðamanna fyrir árslok 2014 og viðhorfskönnun meðal ferðamanna í Hafnarfirði fyrir árslok 2016. Til eru eldri kannanir um fjölda ferðamanna frá 2005, 2008 og 2011 og raunhæft markmið að gera slíkar kannanir á 3ja ára fresti.
- Haldinn verði Dagur ferðaþjónustunnar í Hafnarfirði vorið 2013 með það í huga að um árlegan viðburð verði að ræða. Stefnt er að því að halda þennan viðburð í marsmánuði í samstarfi við ferðaþjónustufyrirtækin í Hafnarfirði.
- Kannað verði fyrir árslok 2013 með hvaða hætti best verði staðið að því að taka á móti þeim fjölda ferðamanna sem sækir Seltún í Krýsuvík heim í samráði við Reykjanesfólkvang og vonandi einnig Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Tryggja þarf lengri þjónustutíma en yfir sumarmánuði í Seltúni og fara í markvissa uppbyggingu á þessum fjölsóttu ferðamannastað.
- Göngu- og hjólaleiðir um bæinn verði ávallt vel kynntar og aðgengilegar.




BÆTTAR MERKINGAR TIL UPPLÝSINGAR OG FRÓÐLEIKS:

- Unnin verði tillaga að formi og staðsetningu ferðamannamerkinga í bænum. Í framhaldi af því verði unnin tímasett áætlun, fyrir árslok 2013, um uppsetningu á ferðamannamerkingum á ensku og íslensku í samráði við framkvæmdasvið. Skrifstofa menningar- og ferðamála og framkvæmdasvið eru ábyrg fyrir því að setja fram raunhæfa, tímasetta áætlun um merkingar.
- Fróðleiksskilti verði sett niður við merka staði í samvinnu við Byggðasafnið og framkvæmdasvið.
- Komið verði á fót upplýsingaútskoti eða áningarstað við innkomuna í bæinn þegar komið er frá Keflavíkurflugvelli. Gera þarf deiliskipulagsbreytingu vegna þessa og samþykki frá Vegagerðinni þarf að liggja fyrir.
- Fjárveiting til merkinga verði tryggð á fjárhagsáætlun bæjarins á hverjum tíma.



FORMLEGT SAMSTARF FERÐAÞJÓNUSTUFYRIRTÆKJA Í HAFNARFIRÐI:

- Ferðamálasamtök Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarbær vinni sameiginlega að uppgangi ferðamála í bænum ásamt ferðaðjónustufyrirtækjum. Þetta verði m.a. gert með aðkomu Ferðamálasamtakanna og kostnaðarskiptingu ferðamála og með því að Ferðamálasamtök Hafnarfjarðar tilnefni árlega áheyrnarfulltrúa til setu á fundum menningar- og ferðamálanefndar.
- Sameiginlegur kynningarbæklingur Hafnarfjarðarbæjar og ferðaðjónustufyrirtækja í bænum verði gefinn út árlega.
- Staðið verði fyrir kynnis- og boðsferðum fyrir leiðsögumenn, blaðamenn og fleiri.
- Árlega verði Dagur ferðaðjónustunnar haldinn í Hafnarfirði í samstarfi við ferðaðjónustufyrirtækin í bænum.
- Haldnir verði árlega í það minnsta 4-6 fundir með ferðaðjónustufyrirtækjum í Hafnarfirði í samvinnu við Ferðamálasamtök Hafnarfjarðar.



SJÁLFBÆR ÞRÓUN OG VERNDUN VIÐKVÆMRA SVÆÐA:

- Við gerð deiliskipulaga Hafnarfjarðarbæjar á ferðamannastöðum sé gerð grein fyrir hvernig stýra skuli umferð til að tryggja að viðkomandi svæði verði ekki fyrir of miklu álagi. Í deiliskipuagi sé gerð grein fyrir hvernig uppgæðslu- og umönnun ferðamannasvæða skuli háttað.
- Stefna í ferðamálum og verkefni hennar taka mið af Staðardagskrá 21 og sjálfbærri þróun eða þeirri hugmyndafræði sem byggir á því að við höfum jörðina að láni og að okkur beri skylda til þess að skila henni eins eða í betra ástandi til komandi kynslóða.





HAFNARFJÖRÐUR